

Til allra sveitarstjórna

Reykjavík 12. febrúar 2020

1503002LA ÓG  
Málalykill:711

**Efni: Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga**

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga hefur skipað kjörnefnd til undirbúnings kjörs stjórnar og varastjórnar á aðalfundi sjóðsins. Kjörnefnd skipa Erling Ásgeirsson, formaður, Heiða Björg Hilmisdóttir og Magnús B. Jónsson. Áformað er að halda aðalfund félagsins þann 26. mars næstkomandi á Grand Hótel í Reykjavík. Kjörnefnd mun taka við og fara yfir framboð til stjórnar og varastjórnar og gera tillögu til aðalfundar.

Um framboð og kjör til stjórnar gilda hlutafélagalög nr. 2/1995, og lög um fjármálafyrirtæki 161/2002. Jafnframt er farið að Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja ([www.leidbeiningar.is](http://www.leidbeiningar.is)) að eins miklu leyti og unnt er.

Kjörnefnd óskar eftir að tilnefningar og/eða framboð sé send í síðasta lagi á hádegi 12:00 mánudaginn 4. mars nk. til Erlings Ásgeirssonar formanns nefndarinnar, [erling.asgeirsson@simnet.is](mailto:erling.asgeirsson@simnet.is). Framboðum þurfa að fylgja upplýsingar svo kjörnefnd geti tekið afstöðu til þekkingar, reynslu og almenns hæfis frambjóðenda.

Upplýsingar um tillögur kjörnefndar verða birtar á heimasíðu Lánasjóðsins um leið og unnt er, í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfund á slóðinni [www.lanasjodur.is/kjornefnd-2020](http://www.lanasjodur.is/kjornefnd-2020).

Kjörnefnd óskar eftir að sveitarstjórnarmönnum sé kynnt innihald bréfs þessa eins fljótt og unnt er til að áhugasömum gefist tími til að skila inn tilnefningum og/eða framboðum.

Virðingarfyllst fh. kjörnefndar  
LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA



Óttar Guðjónsson